

MINNISBLAÐ / ÁFANGASKÝRSLA

Halldór Halldórsson ráðgjafi skv. erindisbréfi biskups

12. mars 2025 | Biskupafundur, biskup Íslands og vígslubiskupar

Verkefnið staðfest af biskup Íslands og á biskupafundi

Formlega er verkefnið staðfest á biskupafundi 18.11.2024.

Úr erindisbréfi biskups 25. nóvember 2024

Að meta stöðu vígðrar þjónustu um landið og koma með tillögur að bættu skipulagi hennar til biskupafundar. Þetta verði gert út frá mannfjölda, vegalengdum, samgöngum og öðrum þáttum sem gætu skipt máli.

.....þá er mikilvægt að nýta aðstoð tengiliða í hverju prófastdæmi, fulltrúa Prestafélags Ísland og Djáknafélags Íslands.

.....áfangaskýrslu verði skilað til biskupafundar fyrir kirkjuþing í mars 2025 og stefnt á að ljúka vinnu fyrir kirkjuþing í október sama ár.

Staða og framvinda verkefnisins

Undirritaður hefur náð að ræða við alla prófaste landsins sem og fulltrúa Prestafélags og Djáknafélags Íslands. Fundað verður í öllum prófastdæmum áður en lokatillögur verða lagðar fram. Það er eftirsóknarvert af hálfu undirritaðs og styrkir tillögugerð að hitta sem flesta og fjölbreyttasta hópa. Þess vegna er jákvætt að hitta einnig fulltrúa grasrótaráttarinnar í sóknunum eins og gerst hefur líka. Nánar er gerð grein fyrir samtölum og fundum hér fyrir neðan sem er þó langt í frá að vera fyllilega tæmandi listi yfir samtöl:

- Símtal við formann Prestafélags Íslands – síðar hitti undirritaður hann á fundi á Akureyri 27. jan. sl. Og svo fundur með Prestafélaginu (stjórn) í Hafnarfjarðarkirkju 26. febrúar sl.
- Búið er að ræða við formann Djáknafélagsins og halda fund með þeim.
- Búið er að ræða við prófast Suðurprófastdæmis og halda fund með prófasti og prestum á Hellu 19. feb. sl.
- Samtal við prófast Vesturlandsprófastdæmis tengslum við fund á Varmalandi Borgarfirði með undirrituðum og Vígslubiskup Skálholtsumdæmis 28. janúar sl.. Stefnt er á frekara samtal og fund með prófasti og prestum.
- Símtal við prófast Vestfjarðaprófastdæmis. Stefnt er á frekara samtal og fund með prófasti og prestum.
- Símtal við prófast Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastdæmis og svo kom hann á fundi í Akureyrarkirkju með prestum og fleirum. Á þann fund kom einnig Vígslubiskup Hólaumdæmis.
- Í tengslum við fundinn í Akureyrarkirkju fundaði undirritaður með kirkjuþingsfulltrúnum Stefáni Magnússyni og Auði Thorberg. Undirritaður hefur hitt Óskar Magnússon kirkjuþingsfulltrúa stuttlega og boðað komu sína til hans.
- Símtal við prófast Austurlandsprófastdæmis og fundur með prestum, djákna og prófasti í gegnum Teams 3. mars sl. Því flug nánast féll niður þann dag eða seinkaði verulega.
- Fundað var með Bjarna Snæbirni stefnumótunarsérfræðingi 7. jan. sl. þar sem tækifæri gafst til að fara yfir stefnumótun, stöðu ýmissa mála og hvað hefði breyst. Þ.e. hvað hefði raunverulega orðið að samþyktri stefnu.
- Símtal 4. mars við prófast Reykjavíkuprófastdæmis vestra.

11. Heimsókn í Breiðholtskirkju til prófests Reykjavíkurprófastdæmis eystra.
12. Símtal 11. mars við prófast Húnavatns- og Skagafjarðarprófastdæmis
13. Símtal 11. mars við prófast Kjalarnesprófastdæmis

Eftir er þá að funda á staðfundi í 7 prófastdæmum. Þó búið sé að heyra í öllum og funda á Teams með Austurlandi mun undirritaður óska eftir því að komast inn á reglulega fundi með öllum þessum prófastdæmum.

Eftir samtöl og fundi stendur eftir á þessum tímamarkaðum að mati undirritaðs

1. Fólki finnst komið nóg og jafnvel of mikið af fækkun presta í tengslum við sameiningar og að ekki eigi að vera sjálfvirkni í því fækka prestum þegar „náttúrulegar“ aðstæður bjóða upp á það vegna aldurs, veikinda eða andláts.
2. Þar með er ekki endilega sagt að fólk sé á móti sameiningum sem slíkum þó skiptar skoðanir geti verið um það. Hins vegar þurfi gagnsemi slíkra sameininga að vera ljós sem og að í upphafi sé skýrt hvernig verði að þeim staðið varðandi tímasetningar og framkvæmd.
3. Mikill munur er milli svæða á landinu eins og erindisbréfið frá biskupi ber skýrt með sér. Þar er talað um mannfjölda, vegalengdir, samgöngur og aðra þætti sem gætu skipt máli. Og þessir þættir skipta svo sannarlega máli.
4. Það er erfitt á svæðum þar sem allt að tveggja tíma akstur er á milli byggðarlaga að leysa af við ákveðin tækifæri og stundum er það ekki hægt vegna ófærðar, dæmi eru sunnanverðir Vestfirðir.
5. Það er ákveðið kynslóðabil (fullyrðing sem vissulega er ekki algild) varðandi afstöðu til sameininga og þess hvernig unnið er með þær. Einnig hvað varðar búsetu presta. Hugsanlega hefur fjöldi presta og annars þjónandi fólk einnig áhrif. Það er áberandi á ákveðnum stöðum fólk leggi áherslu á að fólk geti komið saman og geti átt samfélag, deilt hugsunum, deilt verkefnum og bara átt kaffispjall. Eftir því sem fleiri starfa og kílómetrarnir eru ekki fyrirstaða er þetta auðveldara. Þarna birtist hugarfarið um samvinnu og teymisvinnu og þann sveigjanleika sem því fylgir.
6. Fjárhagsáhyggjur eru vegna getu sókna til að halda við kirkjum og jafnvel leggja fram fjármagn vegna ráðningar annarra en presta.
7. Mikil áhersla lögð á að ráðningar annarra en presta, djákna, æskulýðsfulltrúa komi frá Þjóðkirkjunni. Sóknir ráði ekki við að fjármagna slíkt.
8. Minni umræða hefur verið um héraðspresta en undirritaður átti von á. Samt er töluverð áhersla á vinnutímamann og að fólk verði að komast frá í frí eða þegar eitthvað kemur upp á.
9. Mikið talað um að óréttlæti sé í launasetningu og mismun milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis hvað það varðar. Það vanti fleiri hvata til að vera úti á landi. Þeir geti og þurfi að vera mismunandi, km. gjald, húsnæði, laun.
10. Húsnæðismálin eru ofarlega á baugi, ekki gangi að fækka húsnæði frekar heldur þurfi að fjölga prestbústöðum aftur og hugsa vel um þá.
11. Sameiningar sókna eru flóknar og Biskupsstofa þarf að hjálpa betur með það verkefni sé vilji til þess í sóknunum. Þá þurfi almennt að vera meiri eftirfylgni og aðstoð vegna sameininga og helst þyrfti að vera starfsmaður í því til að fara á milli og hjálpa við undirbúning sameininga og úrvinnslu. Þá þykir slæmt að prestar lækki í launum við sameiningu sókna.
12. Eðlilega er meiningarmunur milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis varðandi ákveðin málefni en þó minni en undirritaður átti von á. Kannski á það eftir að breytast eftir því sem verkefninu vindur fram.

Tillögur verða lagðar fram með haustinu. Á þessu stigi ber að líta á effirfarandi sem vangaveltur og grunn að mögulegum tillögum

Erindisbréfið er skýrt. Það á að meta stöðu vígðrar þjónustu og taka tillit til mannfjölda, vegalengda, samgangna og annarra þátta sem skipta máli. Þetta snýst um það fólk sem er að störfum og að laða að nýtt fólk. Og þetta snýst líka um sóknirnar og fólkid sem þar starfar því þar virðist einnig erfitt að laða að fólk í sóknarnefndir.

Undirritaður mun nefna einhverjar sameiningar eða tillögur að þeim í lokatillögum því það hefur komið fram á sumum fundanna. Erindisbréf fjallar ekki um þennan þátt en slíkt leiðir einfaldlega af vinnunni.

Mikilvægt er að fyrst og fremst vantar fleiri hendur á dekk. Fólk sem getur farið í verkefni og tekið þátt í starfinu. Ekki vantar í nýjar stjórnunarstöður heldur „starfsmann á plani”.

Hugsanlega þarf að flokka svæði niður eftir því hversu „dreifbýl” þau eru. Húsnæði sé til staðar til sveita og í minni þorpum þar sem ekki er kostur á að búa annars staðar vegna vegalengda. Á stærri stöðum getur staðaruppbót í einhverju formi komið til greina en þar gæti prestur/djákni/æskulýðfulltrúi fundið húsnæði vegna þess að þar er markaður.

Á enn stærri stöðum er ekki víst að þörf sé slíkri uppbót vegna þess að þar er virkur húsnæðismarkaður og fólk geti valið sér búsetu innan þess svæðis.

Þó áherslur séu mismunandi er áberandi að nokkuð mörg tala um að búseta presta sé að breytast og sú þróun sé að verða og muni verða að prestar, djáknar og annað starfsfólk geti búið einhvers staðar innan viðkomandi svæðis en ekki endilega nákvæmlega við hlið viðkomandi kirkju. Ef vegalengdir eru ekki stóra málið í því samhengi er þetta vel mögulegt og eykur líkur á því að fá fólk til starfa ef það er ákveðinn sveigjanleiki varðandi búsetu.

Samtölin og fundirnir leiða fram að fjölgun héraðspresta og endurskoðun starfslýsinga geti aukið sveigjanleikann varðandi afleysingar og slíkt um allt land. Hvort sem starfsheitið er héraðsprestur, farprestur eða afleysingaprestur þá er sóknarfæri í því að efla þennan þátt starfsins. Einnig að þegar mikið álag er á ákveðnum stað eða ákveðinni kirkju að þá sé hægt að bæta tímabundið við presti eða djákna meðan verið er að vinna úr stóru og erfiðu máli sem jafnvel skeykur samfélagið.

Sveigjanleiki er lykilorð í þessu samhengi öllu.

Með þökkum fyrir traustið og góðar móttökur hvarvetna.

Reykjavík 12. mars 2025

